

C gegn Finnlandi

Dómur frá 9. maí 2006

Mál nr. 18249/02

6. gr. Rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Forsjármál. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi er breskur ríkisborgari (f. 1955) og búsettur í Cartigny í Sviss. Hann og eiginkona hans B (nú látin), sem var finnsk, áttu tvö börn saman, dreng fæddan 1987 og stúlku fædda 1989. Við skilnað hjónanna fékk móðirin forsjá barnanna. Hún var þá búsett í Finnlandi þar sem hún bjó ásamt sambýliskonu sinni, L. C naut umgengnisréttar við börnin. Eftir andlát B 30. ágúst 1999, veittu tvö lægri stig finnskra dómstóla C forsjá yfir börnunum. Hæstiréttur Finnlands sneri hins vegar við þeim ákvörðunum og veitti L forsjá yfir börnunum án þess að C væri veittur umgengnisréttur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir ákvörðun og málsmeðferð Hæstaréttar. Þá kvartaði hann yfir því að umgengni hans við börnin hefði verið skorin við nögl og engin ákvörðun um rýmri umgengni tekin. Hann taldi brotið gegn rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og friðhelgi fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr.

Niðurstaða dómstólsins

Um 8. gr.: Dómstóllinn leit til þess að forsjárdeila sú er finnsku dómstólarnir úrskurðuðu um var á milli kæranda, föður barnanna, og L, sem var sambýliskona hinnar látnu. Börnin hefðu búið hjá L síðan 1993 og lýst yfir vilja sínum til að búa þar áfram. Þá hefðu innlendir dómstólar metið L hæfa til að fara með forsjá barnanna. Dómstóllinn taldi að niðurstaða Hæstaréttar hefði verið studd við réttmæt rök. Hins vegar fælist í rökstuðningi Hæstaréttar að börnunum væri veitt óskorað neitunarvald að því er varðaði forsjá föðursins án þess að munnlegar skýrslur væru teknar af þeim. Þá lágu ekki fyrir sérfræðileg gögn um hvort börnunum væri meiri skaði gerður með því að hafa þau í umsjá L og missa samband við föður sinn eða fara til kæranda. Taldi dómstóllinn að meðferð málsins hefði haft það yfirbragð gagnvart kæranda að L hefði fengið að hafa áhrif á börnin og dómskerfið með þeim hætti að kærandi hefði verið sviptur foreldrahlutverki sínu. Var einróma komist að þeirri niðurstöðu að við meðferð málsins hefði ekki verið gætt nægilega að jafnvægi milli þeirra hagsmuna sem vógust á. Því hefði verið um brot gegn 8. gr. að ræða við meðferð málsins.

Varðandi umgengnisrétt leit dómstóllinn til þess að kærandi hafði ekki uppi neinar slíkar kröfur fyrir áfrýjunardómstólnum. Meðan á málaferlum stóð var umgengni bundin erfiðleikum. Börnin neituðu að hitta föður sinn í einrúmi og kærandi hafnaði öllum hugmyndum um að L kæmi að umgengninni. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn ákvörðun Hæstaréttar að hafna umgengni tímabundið hafa verið tekna á grundvelli viðeigandi og nægilegra ástæðna. Hvað varðar það að Hæstiréttur hafði ekki komið á umgengni var enn litið til þess að kærandi gerði ekki neina slíka kröfu. Var því ekki talið að um brot gegn 8. gr. hefði verið að ræða að því er varðaði umgengnisrétt kæranda.

Um 6. gr.: Varðandi kæru C vegna 6. gr. taldi dómstóllinn að skortur á munnlegum skýrslutökum hefði verið nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti af niðurstöðu hans um brot á 8. gr. Var því einróma niðurstaða dómstólsins að undir þessum kringumstæðum ætti 6. gr. því ekki sérstaklega við.

Dómstóllinn dæmði kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 56.000 evrur vegna málskostnaðar.